

Ljósmyndasýningin “Hríseyingar að störfum” verður opin á opnunartíma Verbúðarinnar 66 um páskana og fram á vor. Minnum á grímuskyldu á Verbúðinni og tveggja metra regluna.

Hugmyndin að sýningunni kviknaði þegar ég fór að velta fyrir mér hvað það er sem kemur fólki mest á óvart við að koma til Hríseyjar, hafandi starfað í ferðaþjónustu í fimmtán ár í eyjunni get ég sagt að algengasta spurningin er “Hvað gerið þið eiginlega í Hrísey”? Með myndunum erum við að segja og sýna að við gerum eiginlega bara það sama og allir aðrir og byrjum hér að segja frá þeim sem vinna, hver veit hvað kemur næst.

Myndirnar tók Kristín Björk vinkona mín því fáir eru jafn áhugasamir um myndatöku og hún. Saman höfum við svo farið um eyjuna, tekið myndir og fengið upplýsingar hjá fyrirsætunum, spáð og spekulerað, prentað myndir og sett í ramma.

Nokkrar myndir eru aðsendar frá sjómönnum sem sigla um heimsins höf og við höfðum ekki tök á að heimsækja. Myndirnar sýna okkur eins og við erum, engir filterar eða breytingar og við vinnum. Þetta eru um fimmtíu myndir og skal tekið fram að margir eru í fleiru en einu starfi og reynum við að koma því á framfæri.

Í góðu samstarfi við íbúa er þessi sýning orðin að veruleika og viljum við koma á framfæri þökkum til allra sem leyfðu okkur að koma á vinnustaðina og taka myndir. Bestu þakkir til Ómars Hlynssonar sem hengdi upp allar þessar myndir.

Vonandi hafið þið jafn gaman af þessu og við.

Sýningin er styrkt af Menningarsjóði Akureyrarbæjar.

Linda María Ásgeirsdóttir og Kristín Björk Ingólfssdóttir.

